

UTANRÍKIS - OG VARNARMÁL

1.

HEITASTA ÓSKIN ER AÐ VINNA FRÍÐINN.

Íslendingar:

Þér hafið þegar heyrt gleðiboðskapinn. Evrópustyrjöldinni er lokið.

Í nær 6 ár hafa tug-milljóna herir frá flestum hinum voldugustu herveldum heimsins, búnir ógurlegri vígverjum en fleygan mannsandann gat til skamms tíma órað fyrir, háð um nær gervalla Evrópu og nokkurn hluta Afríku hina langgeigvænlegustu styrjöld, er sagan kann frá að greina. Aldrei fyrr hafa jafn mikil verðmæti glatast á jafn skömmum tíma. Aldrei hefir annar eins fjöldi fólks verið rifinn upp með rótum, aldrei jafn fjölmennur hópur orðið að flýja föðurland sitt eða verið herleiddur í þrældóm, aldrei jafn stór fylking þeirra, sem hvorki vildu é gátu borið vopn eða barist, verið hrjáð, kvalin og myrt, aldrei svo mikið blóð flotið í stríðum straumum.

Aldrei fyrr hafa jafn margar manneskjur þjáðst jafn mikið.

Þessvegna hefir þá heldur aldrei frá því að sögur hófust nokkur fregn fært jafn mörgum mönnum í senn jafn mikla gleði, sem þessi fagnaðarboðskapur, er í einni svipan hefir flogið um allar byggðir víðrar veraldar.

Friður í Evrópu. Ekkert nema friður á jörðu var jafn mikilvægara. En einnig sú óskastund færirst nú óðum nær og rennur er til vill upp áður en varir.

Fyrir það eru gleðitíðindi dagsins í dag enn mikilvægari.

Nær allt mannkynið fagnar.

Vér Íslendingar tókum einlæglegan þátt í þeirri gleði. Vér gleðjumst hjartanlega vegna bræðra vorra og systra í Noregi og Danmörku, sem nú hafa endurheimt frelsi sitt eftir 5 ára hetjulega baráttu gegn kúgun og þrældómi. Vér gleðjumst vegna allra þeirra, sem þjáðst hafa og fá nú hvíld og frið.

En vér gleðjumst ekki aðeins með glöðum - vegna annarra - heldur og vegna sjálfra vor.

Vér höfum að sönnu eigi þurft að færa jafn miklar fórnir, sem sumir aðrir. En sá er ófróður um hagi Íslendinga síðust árin, sem heldur að ógnir styrjaldarinnar hafi með öllu fram hjá oss farið. Eigi aðeins höfum vér misst hlutfallslega fleiri menn á bezta æfinnar skeiði úr hópi hinna tápmeistu en margir þeir, er meira hafa komið við sögu styrjaldarinnar, heldur hefir ^{OGA} og löll styrjaldarárin sami kvíðinn og óttinn, sem mest hefir þjáð styrjaldarþjóðirnar, læst sig um hugi allra ástvina íslenzkra sjómanna. - Vel má og vera, að oft hafi meiri hættur vofað yfir íslenzku þjóðinni, en henni hefir sjálfri verið ljóst. Víst er að minnsta kosti um það að allur hinn mikli víg- og viðbúnaður, er hér hefir verið til varnar, ef á væri ráðist, bendir til þess, að þeir, er bezt þekktu, þóttust mega vera við öllu búnir. Þeir gerðu sér fulla grein fyrir, að Ísland var ein allra þýðingarmesta hernaðarstöð heimsins og þar með, að yfir landi og lýð og öllum þeim, er hér dvöldu, vofði stöðugt og mikil hættu.

Í dag minnst Íslendingar þess, að þeir af frjálsum vilja báðu um hvernd Bandaríkjanna, beinlínis í því skyni, að ljá land sitt til þeirra afnota fyrir styrjaldarekstur Bandamanna, sem Bandamenn sjálfir töldu sér hagkvæmust. - Þeir rifja nú upp ráðstafanir sem sumpart fram að þessu hafa farið leynt, sem íslensk stjórnarvöld á fyrri árum styrjaldarinnar gerðu af frjálsum vilja, en samkvæmt óskum herstjórna Bandamanna, er talið var nauðsynlegt að slökkva á vitum, loka höfnum og höfum, banna umferð á vegum, takmarka afnot síma og loftskeyta og undirbúa algeran skyndibrottlutning íbúa höfuðstaðarins til óhultari dvalar.

Þegar þannig stóðu sakir, víluðu Íslendingar aldrei fyrir sér að leggja áhættuna sér á herðar, né heldur æðruðust þeir, þott hættan virtist yfirvofandi. Og hvorki mæltust þeir þá, né nokkru sinni síðar undan nokkurri þeirri þáttöku í styrjaldarekstri Bandamanna, er á þeirra færi var að láta í té og talið var að gagni mætti verða.

Þessa óhrekjanlegu staðreynda geta Íslendingar minnst með gleði í dag og æ síðar, þegar spurt verður um hugarfar þjóðarinnar, afrek hennar og fórnir í baráttunni fyrir frelsi og jafnrétti.

Vér gleðjumst því eigi eingöngu vegna friðarins, heldur einnig og einkum af sigrinum sem unnist hefur.

Íslendingar þakka nú ánægjulega sambúð við þá, er setulið hafa haft hér á landi.

Vér þökkum öllum þeim, er fært hafa fórnir á altari frelsisins. Vér minnumst með sérstökum sásauka þeirra landa vorra, er látið hafa lífið fyrir vígvélinni og vottum ástvinum þeirra dýpstu samúð.

Vér þökkum þá miklu hlífð sem oss hefir verið sýnd á þessari vargöld. Vér viljum sanna það þakklæti með því að mæta skynsamlega hinum nýju viðfangsefnum, sem framundan eru.

Íslendingar gera sér ljóst, að þótt Evrópustyrjöldinni sé nú lokið, verður eigiauðið að helga endurreisninni óskipta kraftana, meðan sumar hinna stærstu og mestu menningarþjóða þurfa að beita orku sinni í baráttunni gegn friðarspillinum í austri. En vér óskum og vonum, að nú sé hin stóra stund skammt undan, þegar einnig sá máttur verður brotinn á bak aftur. Þá og þá fyrst verður friður á jörðu.

Vér eigum enga ósk heitari en þá, að þeir sem unnu styrjöldina, beri einnig gæfu til að vinna friðinn, Rættist þær vonir, verður fögnuðurinn fullkominn, því þá mun úr rústunum rísa nýr heimur samstarfs, friðar, frelsis, réttlætis og mannhelgi, mannkyninu öllu til langvarandi blessunar og hamingju.

Ræða af svölum Alþingishússins við ófriðarlok 5. maí 1945.
(Mbl. 8. maí 1945.)

2.

Á ÖDRU LEITINU ER GLÖTUN, Á HINU GÆFA.

Á árinu, sem nú er að kveðja, lauk hinni geigvænlegustu styrjöld, sem sagan segir frá.

Almætti elds og stáls lagði í rúst jafnt byggð sem borg, vökvaði akur og engi mannanna blóði, en hæll kúgarans traðkaði á vilja og rétti hins veikari.

Þeim heljarátökum má nú að heita lokið. Í nafni jafnréttis, bræðralags og ákvörðunarréttis var sigurinn unnin. Honum var fagnað meir og af fleirum en nokkur dæmi eru til. Aldrei hafa jafnmörg mannshjörtu hlakkað og þakkað, sem yfir þeim sigri. Aldrei verða vonsvikin svo víðtæk og hörmuleg sem nú, ef út af ber.

Íslendingar vilja að sjálfsögðu vera í tölu þeirra, sem slá skjaldborg um friðinn. - Við vitum, að við erum þess ekki megnugir að ráða neinu í þeim efnum. Þeim sem þá örlagaþræði spinna, heyrja ekki rödd svo fámennrar þjóðar. - Lóðs okkar gætir ekki á þeirri vogarskál. Óskir okkar eru því léttvægar. Vilji okkar vanmátta.

En þótt við fáum engu um þetta ráðið, hugsum við um það og ályktum. Einnig og ekki sízt vegna þess, að fari skriðan at stað, er nær víst, að hún mun sópa burtu lífi Íslendinga og fjármunum. Að treysta öðru væri óskynsamlegt.

Við Íslendingar verðum að byggja traust okkar á því, að nú, þegar valdamönnum heimsins er ljóst orðið, að ný stjórn leiðir til tortímingar, svo að um er að velja að lifa í heimi friðarins eða lifa ekki, mun það glapræði aldrei frammar henda, að til stjórjaldar fái dregið.

Reynist þetta ekki oftraust, verður ársins 1945 um allar aldir minnst í sögu allra þjóða sem endis hins versta sjálfskaparvítis, er mannkynið hefir þjáð. En þess verður þá einnig og engu síður getið sem upphafs þeirrar gerbreytingar á högum og háttum allra, er leiða mun af réttri hagnýtingu atómorkunnar í þágu nýrrar og áður óþekkrar velsældar öllum til handa.

Þetta er viðhorfið. Á öðru leitinu glötun. Á hinu gæfa. Aldrei hefir jafn mikið oltið á réttu vali. Aldrei hefir valið sýnzt jafn vandalaust. Í þessu liggja vonirnar. Sé skynsemi mannanna eigi myrkvuð, gifta þeirra eigi ofurseld illum örlögum, geta þær vonir varla brugðist. Þannig hljótum við Íslendingar að alýkta. Og það sjónarmið breytist ekkert, þótt aðra stundina dragi ský fyrir sólu, er nýir og nýir örðugleikar verða á vegi friðarins. Slíkt þarf engum að koma á óvart og ræður ekki úrslitunum.

Það væri mikil yfirsjón, ef Íslendingar létu hugarvél út af því, er þá kann að henda af annarra völdum, skyggja á þá staðreynd, að án eigin dáða geta þeir einskis góðs vænzt af framtíðinni.

Áramótaávarp, 31. desember 1945.

(Mbl. 3. janúar 1946).

3.

FLEIRI SPINNA NÚ ÖRLAGABRÆÐI ÍSLENDINGA
EN ÞEIR EINIR.

Íslendingar sem aðrir eiga nú mikið undir því, að rætast megi hinar háleitu hugsjónir Sameinuðu þjóðanna. Á sigri þeirra hugsjóna veltur heill allra þjóða, en þó ef til vill mest hinna minnstu.

Það má því segja, að fleiri spinni nú örlagabæði Íslendinga en þeir einir. Í því er raunar ekkert nýtt. Svo hefir jafnan verið, eins og saga þjóðarinnar sýnir. En nú hefir sú mikilvæga breyting orðið á högum okkar, að Íslendingum hefir nú í fyrsta skiti gefist kostur á að vera þar viðstaddir, sem örlög þeirra og annarra þjóða eru ráðin, og að taka þátt í þeim ráðagerðum.

Það er því Íslendingum mikið gleðiefni að hafa verið teknir í tölu Sameinuðu þjóðanna. Og enda þótt við getum ekki vænt að ráða þar miklu, þá hafa þó af þessu vaknað nýjar vonir. Ætla má, að í félagi friðelskandi þjóða sé að því nokkur styrkur að hafa aldrei borið vopnaáðra og þannig lengst allra þjóða játað hugsjón friðarins hollustu í verki. Þá gefur það og orðum okkar aukin þunga, að enda þótt okkur sé í mörgum eignum ábótavant, standa Íslendingar um annað engum að baki. Það er mikið afrek að, minnsta þjóð heimsins skuli

hafa komist jafnlangt í að ala upp menntað fólk og tryggja það gegn skorti. Takist okkur að rísa undir kostnaðinum við þær umbætur, sem við höfum lögfest síðustu árin, erum við í þeim efnum merk þjóð og munum með því ávinna okkur virðingu annarra.

Með þáttöku Íslendinga í starfsemi Samvinnuðu þjóðanna höfum við beint alþjóðaathygli að okkur. Við verðum vegnir og dæmdir, engu síður mannkostir okkar en mannvit. Með því er fáum mönnum og lítt reyndum mikill vandi á herðar lagður. Hógvær einurð og festa mun hæfa okkur best.

Áramótaávarp 31. desember 1946.

(Mbl. 3. janúar 1947).

4.

SJÁLFSTÆÐI ÍSLANDS BYGGIST Á VINFENGI VIÐ
ADRAR ÞJÓÐIR.

Herra forseti.

Mál það sem hér er til umræðu, samningurinn við Bandaríkin hefur þegar verið rætt svo mikið í blöðum og á mannfundum, að óþarft er að rekja það ítarlega, enda er þess ekki kostur á þeim fáu mínútum sem ég hefi til umræða. Ég mun þó einkum vegna hlustenda utan Reykjavíkur, leitast við að rekja höfuðdrætti þess í sem stystu máli.

Söguleg tildrög málsins eru þessi: Í hverndarsamningnum frá 1941 segir:

"Bandaríkin skuldbinda sig til þess að hverfa burt af Íslandi með allan herafila sinn á landi, í lofti og sjó, undirnefns og núverandi ófrið er lokið".

Um skilning þessa ákvæðis hefir verið og er ágreiningur milli Íslands og Bandaríkja. Halda Bandaríkin því fram, að ófriðnum sé enn ekki lokið í þeim skilningi, sem átt sé við ísamningnum. Þeim sé því enn eigi skylt að hverfa burt með herafila sinn, enda þótt þau að sjálfsögðu muni í einu og öllu

standa við skuldbindingar sínar samkvæmt samningnum. Af Íslands hálfu hefir aldrei verið á þann skilning fallist.

Hinn 1. október 1945, fóru Bandaríkin fram á að Íslendingar leigðu þeim til langs tíma þrjá tilgreinda staði, Hvalfjörð, Skerjafjörð og Keflavíkurflugvöllinn, til þess að hafa þar herstöðvar. Þessu neitaði stjórn Íslands og lá nú málið í þagnargildi um skeið.

Þegar beiðni Íslands um upptöku í bandalag sameinuðu þjóðanna var rædd á Alþingi í júlí-mánuði síðastliðnum, var dvöl Bandaríkjahersins á Íslandi gerð að umræðuefni. Gaf ég þá yfirlýsingu um að ég myndi tafarlaust hefja viðræður við stjórn Bandaríkjanna um fullnægingu og niðurfellingu hverndarsamningsins frá 1941.

Þegar þessar umræður hófust í júlílok stóðu sakir þannig:

- 1) Íslendingar höfðu neitað beiðni Bandaríkjanna um herstöðvar á Íslandi.
- 2) Leyfar af her Bandaríkjanna dvöldu enn hér á landi.
- 3) Bandaríkin töldu sér þessa hersetu heimila samkvæmt hverndarsamningnum frá 1941.
- 4) Bandaríkin vildu ekki kveða upp úr um hve lengi þau hefðu í hyggju að hagnýta sér þessa meintu heimild sína.

Viðræður þessar stóðu yfir í nærri 2 mánuði. Niðurstaðan felst í sanningsfrumvarpi því er hér liggur fyrir.

Aðalatriðin eru:

- 1) Bandaríkin falla frá óskum um herstöðvar á Íslandi.
- 2) Herverndarsamningurinn frá 1941 fellur úr gildi.
- 3) Bandaríkin skuldbinda sig til þess að hafa flutt allan her sinn burt af Íslandi innan 6 mánaða frá því hinn nýji samningur gengur í gildi.

Bandaríkin afhenda Íslendingum tafarlaust Keflavíkurlflugvöllin til fullrar eignar og umráða.

Ég skal ekki fjölyrða um það, sem hér hefur á unnist. En ekki kæmi mér á óvænt, að síðar yrði það talið með tor-skildustu fyrirbrigði sögunnar, hversu nokkrir af forystumönnum Íslendinga brugðust við, þegar tókst að tryggja brottflutning hvers einasta hermanna af landinu og endurheimt alls landsins í hendur Íslendinga.

Hið eina sem Bandaríkin öðlast með samningi þessum er tímabundin og takmörkuð afnot af Keflavíkurlflugvöllinum.

Það eru þessi væntanlegu afnot af flugvöllinum sem deilan stendur um, og gildir því að menn geri sér fyllilega ljóst hvað í þeim felst.

Til þess að menn sjái þetta mál í réttu ljósi minni ég á að með sáttmála þeim sem gerður var í Postdam sumarið 1945 milli Bretlands, Bandaríkjana, Sovjetríkjanna og Frakklands, skuldbundu þessir aðilar sig til þess að hafa á hendi herstjórn í Dýzkalandi að loknum ófriðnum. Samkvæmt þessari skuldbindingu hafa allar þessar þjóðir, sem kunnugt er, her

í Þýzkalandi.

Strax og samningaumleitarnir þær, er leitt hafa til þess frumvarps, er hér er til umræðu, hófust, tilkynntu Bandaríkin stjórn Íslands, að þau teldu sér nauðsynlegt að fá viss afnot af Keflavíkurflugveilium í því skyni að auðvelda þeim herstjórn í Þýzkalandi. Þessari beiðni Bandaríkjanna, sem meðal annars var rökstudd með því að þessi afnot tryggðu líf og öryggi þeirra er flugleiðis fara yfir Atlantshafið, gat stjórn Íslands alls ekki svarað á þá leið, að líf og öryggi þegna Bandaríkjanna væri Íslandi óviðkomandi mál. Og því síður kom til mála að taka slíkri málaleitan með þvermóðsku, sem Íslendingar gátu jafnframt fengið uppfylltar sínar óskir, um brottflutning hersins úr landi, og afhendingu Keflavíkurflugvallarans. Hitt kom að sjálfsögðu til athugunar, með hverjum hætti hentast þætti að fullnægja þörf Bandaríkjanna. Var þá m.a. til athugunar úrlausn eigi ósvipuð þeirri sem Framsóknarflokkurinn nú hefir stungið upp á. Var þó frá því ráði horfið af ýmsum ástæðum, meðal annars vegna þess, að hún var eigi talin tryggja rétt Íslands betur en sú leið, sem frumvarpið leggur til. Verður vikið nánar að því síðar.

Þá vil ég minna á, að enn þann dag í dag, eru flestir sammála um að stórhættulegt sé að gera Reykjavíkurflugvöllinn að aðalflugvelli Íslands. Og allir eru á einu máli um hitt, að enn sem komið er skorti Íslendinga bæði menn og fé til að reka Keflavíkurflugvöllinn. Þetta verða menn að hafa í huga þegar rætt er um frumvarp það, er hér liggur fyrir.

Skal ég þá víkja aftur að sanningsfrumvarpinu.

Þau friðindi Bandaríkjunum til handa, sem talin eru máli skipta, felast í 4. gr. sanningsins eins og hann verður samkvæmt tillögu hæstvitrar utanríkismálanefndar. Með henni er Bandaríkjunum veittur réttur til að athafna sig á Keflavíkurflugvellingum, en hvergi annarsstaðar á landinu. Réttur þessi er skýr og tvímælalaust takmarkaður við þá þörf til umferðaréttinda, sem skapast af herstjórnarskyldu Bandaríkjanna í Þýskalandi. Mannfjöldi sá sem þeim heimilast að hafa á vellingum fer ekki eftir því sem Bandaríkin sjálf kynnu að telja þörfina heldur eftir því hvað nauðsyðlegt er til þess að bandaríkin geti innt af hendi nefndar herstjórnarskyldur. Rísi ágreiningur út af því verður honum skotið til gerðardómsins í Haag, eða þess dómstóls sem sker úr deilum sameinuðu þjóðanna. Mennirnir sem á vellingum dvelja verða að hafa dvalar- og atvinnuleyfi frá íslenskum stjórnarvöldum. Íslendingar hafa þannig eigi aðeins aðstöðu til þess að fylgjast nákvæmlega með þeim mannfjölda sem á hverjum tíma dvelur á vellingum, heldur hafa þeir vald til að neita um dvalarleyfi, ef þeim þykir eitthvað grunsamlegt við fjölda þessara manna. Sjálf hafa Bandaríkin lýst því yfir að þau telji að hægt eigi að vera að komast af með 600 manns í þessu skyni. Menn þessir lúta í einu og öllu sömu lögum sem Íslendingar. Þetta leiðir beint, ótvírætt og óhjákvæmilega af því, að herinn afhendir Íslandi Keflavíkurflugvöllinn. Frá þeirri stundu gilda að sjálfsögðu íslensk lög í einu og öllu jafnt á Keflavíkurflugvellingum sem annars staðar á Íslandi. Og hin íslensku lög ná alveg jafnt til þeirra erlendu manna sem ætlunin er að íslensk stjórnarvöld veiti þar dvalarleyfi, sem til þeirra Íslendinga er þar munu dvelja. Frá þessu er það eina afvik, að þessir menn njóta vissra skattfriðinda. Hafa þau ákvæði lítilli gagnrini sætt, enda aðeins óverulegur hluti þeirra fjárhagsfriðinda sem samningurinn færir Íslendingum.

Með þessu tel ég vera fullkomlega tryggilega um hnútana þúio, varðandi þann mannafla sem Bandaríkin fá heimild til að hafa á flugvællinum, jafnt um sjálfan fjöldann sem um allan athafnarétt þessara manna.

Hið sama gildir að því er áhrærir alla starfsemi Bandaríkjaanna á flugvællinum. Hún miðast við það, sem nauðsynlegt er til þess að þeir fái fullnægt þeirri skuldbindingu sem þeir hafa tekist á hendur gagnvart Bretum, Sovjetríkjunum, Frakklandi, og raunar öllum hinum sameinuðu þjóðum, um herstjórn í Þýzkalandi. Við þessar skyldur og ekkert nema þessar skyldur, er sá réttur og allur sá réttur er þeir með samningnum öðlast, bundinn.

Það hefir frá öndverðu verið tilgangurinn, að flugvöllurinn yrði að öðru leyti kvaðlaus eign Íslendinga, sem og hitt að Íslendingar hefðu úrslitayfirráð hvað rekstur og umráð flugvallarins snertir. Tel ég að allt þetta hafi verið tryggt með því sanningsfrumvarpi er ég lagði fyrir Alþingi. Aðrir hafa talið það orka tvímælis. Hæstvirt unánríkismála-nefnd hefir nú borið fram hreytingartillögu, sem tekur af allan vafa í þessum efnum. Er það lagt til að eftir 4. gr. (áður 5. gr.) komi ný grein svohljóðandi:

"Hvorki ákvæðin í næstu grein á undan né nein önnur fyrir-mæli þessa sannings raska fullveldisrétti né úrslitayfirráðum Íyðveidísins Ísländvarðandi umráð og rekstur vallarans og mannvirkjagerð eða athafnir þar".

Skýrara er ekki auðið að kveða á um þetta. Íslendingar hafa öll umráð flugvallarans. Þeir ráða eigi aðeins rekstri

hansheldur nær fullveldisréttur óg úrslita yfirráð einnig til mannvirkjageðar á flugvellinum og yfirleutt til allra athafna Bandaríkjanna þar.

Fleiri slíkar breytingartillögur hefir nefndin borið fram, til þess að mæta óskum þeirra, er vilja semja við Bandaríkin, en þótti orðlag sanningsfrumvarpsins of tvírætt. Er ég þeim að sjálfsögðu öllum meðmæltur.

Í sanningsfrumvarpinu er aðeins eitt atriði, sem ég er ekki fyllilega ánægður með, en það er uppsagnarákvæðið. Að sönnu hefir það þann ómetanlega kost, að í stað þess, að eins og nú sakir standa er ágreiningur um hvenær Bandaríkjunum sé skylt að hverfa með her sinn burt af Íslandi, skuldbinda þau sig með samningi þessum til að hafa flutt allan herinn innan 180 daga burtu. Jafnframt er ákveðið að við hinn nýja samning geti Íslendingar einhliða losnað eftir 6 1/2 ár, ef þeir óska. Það verður eigi með réttu véfengt, að þetta er mikill ávinningur. Samt sem áður, hélt ég fast á, að hægt væri að segja samningnum upp með mjög stuttum fyrirvara, helst aðeins fárra mánaða. Um það náðist þó því miður ekki samkomulag. Færðu Bandaríkin aðallega tvennskonar rök fyrir sínu máli. Í fyrsta lagi héldu þau því fram, að nauðsýlegt væri að leggja fram um 30 milljónir króna til þess að flugvöllurinn yrði samilegur, en talsvert meira ef vel ætti að vera. Slík fjárframlög væru ekki eðlileg, ef hægt væri að segja samningnum upp tafarlaust þegar Bandaríkin væru búin að gera við flugvöllinn. En auk þess og jafnvel aðallega var það haft á oddinum, að Bandaríkin teldu sér ekki fært að afsala sér þeim rétti, er þeir samkvæmt samningnum frá 1941 teldu sig hafa til herdvalar hér á landi, nema því aðeins að þeir tryggðu sér jafnframt þau minnstu afnot Keflavíkurflugvallarins, sem þeir teldu sér nauðsynleg til þess að standa við fyrrnefndar skuldbindingar til herstjórnar

á Þýzkalandi. Byggðu Bandaríkin á þessum rökum kröfur um að gildistími hins nýja samkomulags miðaðist við herstjórnartímann. Á þetta var að hálfu íslenskra stjórnarvalda þverneitað að fallast, og náðist loks samkomulag um þau 6 1/2 ár sem frumvarpið greinir.

Þá vil ég geta þess að ég er mótfallinn tillögum Framsóknarmanna á þingskjali nor. 39, bæði vegna þess að mér, sem þeim, er ljóst að þær leiða ekki til samkomulags við Bandaríkin, sem og vegna hins, að ég tel að það form, sem þar er valið sé mjög óviðfelldið. Framsóknarmann ætlast til að Íslendingar reki flugvöllin sjálfir að nafninu til. En allt sem til þess reksturs þarf, þ.e.a.s. menn og fé, fái þeir hjá Bandaríkjunum. Það kann að veram að við fyrstu sýn líti þetta eitthvað betur út. Í reyndinni verður það verra.

Þá hefi ég heldur ekki séð mér fært að fallast á framkomnar óskir um að mál þetta verði lagt undir sérstakan dóm þjóðarinnar með almennri þjóðaratkvæðagreiðslu. Ber margt til, en það helst, að það fær með engu móti staðist, að með þessum samningi sé á nokkurn hátt um réttindaafsal að ræða af hálfu Íslendinga. Þvert á móti er nú landið að nýju fengið Íslendingum í hendur. Þjóðaratkvæðagreiðsla er því ástæðulaus.

Vísa ég að öðru leyti til ummæla í nefndaráliti hæstvirts meirihluta utanríkismálanefndar um þetta atriði.

Ég verð þá að stytta mál mitt. Aðrir munu ræða hér ýmsar hliðar þess og m.a. sanna hvílik fásinna er, að samningur þessi veiti Bandaríkjunum herstöðvarréttindi eða brjóti í bág við fullveldi Íslands. Þó vil ég ekki láta því ómótmælt,

að með þessum samningi hafi Íslendingar skipað sér í fylkingu í togstæðitunni milli austurs og vesturs, eins og þetta er orðað. Ef Ísland hefði af frjásam vilja samþykkt tillögur þær er Bandaríkin báru fram hinn 1. október 1945 og með því veitt Bandaríkjunum rétt til herstöðva á Íslandi, þá hefði ef til vill mátt til sanns vegar færa, að Ísland hefði þar með kastað teningunum: með vestri ^{og} gegn austri. Ísland gerði þetta ekki.

Alveg að sama skapi tel ég að ef Ísland neitaði Bandaríkjunum um þann umferðarrétt, sem þau, og þau ein, þurfa hér á landi, en austrið þarf og hefir tryggt sér annarsstaðar, þá hefðu Íslendingar gæst berir að beinum fjandskap við Bandaríkin. Af því hefði hlotið að leiða að Íslendingar yrðu taldir hafa skipað sér í andstöðu gegn Bandaríkjunum og þá væntanlega líka gegn Bretlandi, samkvæmt boðsendingu stjórnar Bretlands. Með því hefðu Íslendingar þá brotið af sér tvo voldugustu vinina, nágrannana að vestan og sustan. Ég veit að þetta vakir ekki fyrir Íslendingum, og heldur ekki hitt, sem sennilega yrði afleiðingin, að Ísland ætti hvergi skjól nema hjá austrinu, Allir vitibornir menn játa, að á öllu veltur fyrir Íslendinga að vera í vinfengi við sem allra flestar þjóðir og þá ekki síst hinar voldugustu.

Ég hef kosið að þerja þeim stutta tíma, er ég hefi til umráða til þess að skýra málið, en leitt hjá mér árásir og fáheyrðar svívirðingar andstæðinga málsins í garð okkar, er að sanningsfrumvarpinu stöndum. Sagan mun hrekja þær árásir. Þess verður ekki langt að biða að víman renni af mönnum. Þá mun það koma í ljós, að vel hefir tekist að leysa mikið vandamál, er herinn er fluttur úrlandi, Íslendingar fengið að nýju full yfirráð lands síns, en brýn þörf vinnuþjóðar þannig leyst, að Íslendingar hafi af fullan sóma.

Við, sem að þessu máli stöndum, sýndum það með undirtekt okkar, undir herstöðvaróskir Bandaríkjanna, að okkur skorti ekki manndóm til að gæta réttar Íslands, þótt við voldugan aðila væri að etja.

Hitt játa ég, að mig brestur bæði vilja og þrek til að gerast ber því sem ég tel beinan fjandskap við Bandaríkin. Ég tel að sjálfstæði Íslands sé undir því komið að við höldum vinfengi við aðrar þjóðir. Það tekst aldrei án þess að við aleggjum okkar skerf til alþjóðasamstarfs ogvverðum við þeim óskum annara þjóða, sem auðið er okkur að meinfangalausum. Með því einu móti getum við líka vænst þess að viðslítum ekki vináttuböndin, þótt við svörum þeim synjandi, þegar til þess er mælst, sem ekki samræmist frelsi landins og fullveldi þess.

Ég vil svo aðeinsuáð lokum segja þjóðinni frá því, að daglega hafa mér borist skilaboð og tilmæli hvaðanæfa. Hér er þess enginn kostur að rekja þær óskir. Tel ég mér þó skylt að skýra frá því að í gærkvöldi gekk nefnd ~~mann~~ á fund minn og færði mér áskorun frá útifundi Reykvíkinga um að láta ganga þjóðaratkvæðagreiðslu um málið. Gegn þeirri ósk hafa hins vegar langflestir lagst er til mín hafa snúið sér. Skal ég úr þeim margmenna hópa aðeins nefna þann er síðastur kom, einmitt þegar ég var að ganga hingað niður í ~~Alþingishúsið~~.

Mér var þá afhent svohljóðandi skjal:

"Vér undirritaðir, skipverjar á e.s. "Súðin", lýsum okkur samþykka meiri hluta sanningsuppkasti því sem nú liggur fyrir Alþingi, um réttindi Bandaríkjanna til notkunar Keflavíkurflugvallarins. Vér teljum að þjóðaratkvæðis þurfi ekki að leita um þennan samning, því hann feli ekki í sér neina réttinfaskerðingu, heldur óumdeilanlegan rétt Íslendinga

yfir landinu. Vér lítum svo á, að rakalaus tortryggni í garð vinveittrar þjóðar sé ekki sæmandi. Í trú á góðvilja og réttlætið milli þessara þjóða, skorum vér sjómenn á Alþingi og ríkisstjórn að samþykkja þennan samning án tillits til sundrungaflanna sem nú ber svo mikið á í þjóðlífi voru.

Um borð í e.s. "Súðin" 4. október".

Þessu skjali fylgdi bref frá þjóðkunnum manni, sem lengi hefir verið þekktur meðal þeirra er fast standa á rétti Íslendinga. Þar segir m.a.:

"Það er mér mikil ánægja að tjá yður, herra forsætisráðherra að undir þetta skjal hafa ritað nafn sitt allir skipverjar skipsins. Vér vonum að það geti orðið til einhvers gagns fyrir framgang þessa máls, er það fjallar um. Er það álit mitt að sjómenn yfirleitt séu svipaðs sinnis í máli þessu".

Af þessu og óteljandi mörgu öðru svipaðs eðlis, höfum við, sem að málinu stöndum, fulla ástæðu til að sætla að við höfum þjóðarviljan að baki okkar.

Ræða á Alþingi 5. október 1946 við umræður um Keflavíkursamninginn.

(Mbl. 6. október 1946).

5.

ATLANTSHAFSSÁTTMÁLINN: HOLLUSTUEIÐUR
FRELSISUNNANDI ÞJÓÐA VIÐ FRÍÐ OG JAFN-
RETTI.

Af hendi stjórnarliða hefur það eftir atvikum og að gefnu tilefni verið talið rétt, að þessar útvarpsumræður snúist fyrst og fremst um það mál, sem nú er efst á baugi með þjóðinni, og sem í rauninni veldur því að vantraust er framborið einmitt nú.

Hæstvirtur utanríkisráðherra hefur þegar borið fram öll sterkustu rök þessa máls. Þau hafa verið áréttuð af öðrum hæstvirtum ráðherrum sem hér hafa tekið til máls, svo að segja má, að þar sé litlu við að bæta. Ég mun þó verja þeim fáu mínútum, er ér hefi til umráða, til þess að láta ljósmitt álit á málinu, um leið og ég í höfuð-efnum tek undir rök hæstvirtis ráðherra.

Á miðju ári 1945 komu saman allmargir menn í San Francisco á vesturströnd Bandaríkjana. Það voru fulltrúar mannkynsins - hins hrjáða mannkyns, sem þá í nær 6 ár hafði þolað meiri raunir ótta, bóls og blóðsúthellinga en sagan veit nokkur dæmi um.

Ég veit ekki hvað verið innst í hugarfylgsnum þeirra, er þer réðu mestu, Hitt mun óhætt að staðhæfa, að aldrei fyrr hafa jafn miklar vonir jafn margra manna staðið til nokkurrar samkundu sem þessarar.

Segja má að þær vonir hafi að því leyti ræst, að á þessari samkundu bundust flestar þjóðir heimsins og þ.á.m. allar hinar völdugustu heitum um að freista þess að skapa nýja veröld friðar og frelsis, þar sem manngöfgi, mannfrelsi og mannheggi féðu ríkjum. Sáttmáli sameinuðu þjóðanna var færður í letur, svo hann mætti verða Biblía hinnar nýju veraldar. Sameinuðu þjóðirnar voru stofnsettar. Síðan skildu menn sáttir og glaðir.

Sameinuðu þjóðirnar eru nú tæpra fjöggra ára. Saga þeirra er stutt, viðburðarík og raunaleg. Það væri ofmælt að segja, að allar þær vonir, sem við þær voru tengdar, væru nú þegar fölnaðar og dána. Hitt er óleyfileg bjartsýni, ef nokkur þjóð teldi sér lengur fært að byggja allt sitt traust og öryggi á þessum félagsskap.

Til þess að skilja innsta eðli þess máls, sem hér er gert að umræðuefni - þáttöku Íslands í bandalagi Atlantshafsþjóðanna -, til fulls, verða menn að veita þess minnugir, að frá því Sameinuðu þjóðirnar voru stofnaðar og allt fram á þennan dag, er það tvennt, sem öllu öðru fræmur hefur ráðið viðburðum og markað stefnu á sviði heimstjórnarmálanna. Annað er, að eitt af völdugustu stórveldum veraldarinnar hefur svo algjörlega lamað starfsemi og gagnsemi Sameinuðu þjóðanna, að nú er svo komið að fundir þeirra eru fyrst og fremst vettvangur harðvítugra

ádeilna, þar sem þjóðir heimsins skiptast í tvær andstæðar, harðvítugar fylkingar, sem deila hvor á aðra, með fullkomnu hlífðarleysi. Af þessu leiðir, að því fer svo fjarri, að Sameinuðu þjóðirnar hafi fram að þessu reynst bærar um að skapa þann frið og öryggi í heiminum, sem þeim var ætlað að gæta, að það verður þvert á móti að viðurkenna, að með degi hverjum minnka vonirnar um að þær muni nokkru sinni reynast þess megnugar.

Hitt er svo það, að samfara þessu, jafnframt því sem æ gægggra hefur orðið, að til Sameinuðu þjóðanna er enn se, komið er einskis trausts að leita, þá hefur einmitt sama stórveldið, sem þessu veldur, þanið út veldi sitt og áhrif, svo að hver þjóðin af annarri, sem er í nábýli við þetta stórveldi, hefur nú ýmist að fullu fargað sjálfstæði sínu að efni og formi, eða lýtur í öllum aðalefnum boði þessa mikla einræðisveldis.

Það eru þegar staðreyndir, sem leitt hafa af sér þann sáttmála, sem við Íslendingar munum nú gerast aðilar að. Það er ótti þeirra Evrópuríkja, sem áaglega hafa fyrir augum sér raunir þeirra, er beint og óbeint búa við frelsisskerðingu, um að verða sömu örlögum að bráð, það er vitund þessara þjóða um, að Sameinuðu þjóðirnar séu þess með öllu ómegnugar að bæjja þeim voða frá dyrum þeirra, sem því réði, að þrjár smáþjóðir, Belgar, Hollendingar og Luxembúrgarbúar, hófust handa um myndun varnarbandalags. Í síðustu styrjöld höfðu allar þessar þjóðir verið gleypar af ómótstæðilegu herveldi einræðisherrans, ásamt með þeirri hlutleysisýfirkyrsingu, sem þær í heiðarlegri og einfaldnislegri trú á loforð ofstækisfullra einræðisherra ætluðu að byggja líf sitt og öryggi á. Nú hafði reynslan hin örlagaríka og þungbærareynzla kvatt dyra hjá þeim og kennt þeim, að af hlutleysinu var ekki verndar að vænta. Nú gat aflið eitt veitt öryggi.

Þessar þrjár þjóðir, ásamt Bretum og Frökkum, mynduðu því með sér varnarbandalag Vestur-Evrópu. Hér voru þeir að verki, sem þolað höfðu bölvun tveggja heimsstyrjalda, og tæmt höfðu til botns bikar hinna ómælanlegu hörmunga og mannauna hernaðarins. Hér ræddust þeir við, sem af reynslunni vissu, að ekkert var jafn óttalegt sem þriðja heimsstyrjöldin, annað en það eitt að missa frelsi sitt í hendur erlends valds einræðis og kúgunar. Þessvegna reyndu þær að búa sér skjaldborg einingarinnar, þessvegna tóku þær fagnandi þeirri uppástungu utanríkisráðherra Canada, að Canada og Bandaríkin skyldu slást í hópinn, svá að varnarbandalagið mætti verða svo öflugt, að til þess væru að minnsta kosti miklar líkur, að enginn dirfðist að ráðast á það.

Þetta bandalag er nú raunverulega myndað, það verður formlega stofnað í byrjun næsta mánaðar. Okkur Íslendingum stendur til boða að verða meðal stofnenda þess. Eigum við að játa eða neita? Það er sú ákvörðun sem bráðlega liggur fyrir okkur að taka.

Ég er ekki viss um að nokkru sinni í sögu Íslendinga hafi í nokkru máli verið heitt þáfnmiklum falstökum, sem andsæðingar þessa máls hafa gert. Í umræðunum hér í kvöld hefir verið maklega flett afan af þessum herrum. Eftir stendur mynd af flokki, sem veit hvað hann vill, mönnum sem óska þess, að Ísland verði fráskila við allar þær þjóðir, sem þeir eru skyldastir að ætt, uppruna, andlegu atgerfi og átrúnaði, beinlínis í því skyni, að auðveldara megi reynast að hagnýta landið, ef til átaka

kemur, til árása á alla dýrmætustu helgidóma mannlegs lífs, frelsi, sjálfsákvörðunarrétt og lífshamingju manna og þjóða.

Í fylgd með þeim eru fáeinir menn, flestir fremur vesælir menn, sem eiga enga samleið með kommúnistum, og sjálfir það eitt sameiginlegt, að sjálfsmetnaður þeirra er særður, vegna þess að þeir hafa ekki komist til þeirra metorða og valda í sínum eigin flokki, sem þeim sjálfum finnst, að gáfur sínar og manntun standi til. Slíkar særðar sálir hafa kommúnistadeildir allra landa og þjóða veitt í net sin og beitt fyrir sig. Launin, sem þeir fá, er lof og skjall, sem breytt er yfir sára og sjúka metnaðartilfinningu.

Ég get ekki svarað falsrökum þessara manna á þeim sára fáu mínútum, sem ég hefi enn til umráða, með öðrum hætti betur en þeim, að gera grein fyrir, hversvegna ér tel Íslendingum skylt að svara játandi því boði, sem þeim hefur verið gert um að gerast stofnaendur bandalagsins.

Fyrst ætla ég þó aðeins að bregða upp skyndimynd af baráttu kommúnista og fylgið þeirra í málinu.

Baráttan hefst með því, að áður en kommúnistar hafa nokkra hugmynd um, hvernig þess samningur mundi verða telja þeir sig þekkja efni hans að fullu. Þeir skýra þjóðinni frá því, og tryggja að sjálfsögðu, að þar séu lagðar á Íslendinga allar þær kvaðir, sem þjóðin sízt vill undir gangast.

Þegar svo sáttmálinn liggur fyrir, og það kemur í ljós, að ekkert, bókstaflega ekki eitt einasta atriði af því, sem helst gæti orðið ásteytingarsteinn í augum þjóðarinnar, felst í sáttmálanum, þá er svarað með því, að ekkert sé að marka, hvað í samningnum standi, hann sé saminn til að blekkja Íslendinga, hver grein hans sé orðuð með alveg sérstaklega hliðsjón af baráttu "þjóðvarnarfélagsins" á Íslandi. Hafa menn nokkru sinni heyrt aðra eins firry?

Halda menn nú virkilega, að þeir fulltrúar átta þjóða, sem við samningaborðið hafa setið undanfarna mánuði, til þess að semja eitt merkilegasta plagg, sem nokkru sinni hefur verið lagt fyrir þjóðir veraldarinnar, hafi stöðugt dvalið með hugann á Íslandi og að jafnaði sagt hver við annan: Já, nú eru góð ráð dýr, þessa grein verður að orða svona og svona, annars fáum við séra Sigurbjörn á móti okkur o.s.frv.

Engin grein samningsins miðast við Íslendinga sérstaklega, þó að sérstaða Íslands sumist innan samningsins. Og eðginn þeirra manna, sem þær hafa samið, þekkir þá froðusnakka, sem undanfarna mánuði hafa verið að reyna að svíkjast aftan að þjóð sinni í skjóli hempunnar. En þessi vinnubrögð, slíkur málflutningur, hann sýnir vel, hvaða málstað þessir menn eru að verja.

Af háværum ópum andstæðinga málsins er eitt, sem langhæst hefur hljómað. Það er þetta:

"Íslendingar mega aldrei gerast þáttakendur í hernaðarbandalagi".

Þetta hefur fengið mikinn hljómgrunn í hjörtum friðelskandi almennings, sem þá jafnframt hefur verið boðið miklu meira öryggi og betra skjól með þeim einfalda hætti að lýsa yfir hlutleysi Íslendinga.

Ég spyr nú: Vita þessir menn ekki nokkurn skapaðan hlut, hvað þeir eru að segja? Vita þeir ekki um sjálft aðalatriði þess máls, sem þeir mánuðum saman hafa verið að fjalla um? Eru þetta hreinir fávitar eða eru þeir forherðingin sjálf - umvafin hempunni?

Ísland er í hernaðarbandalagi. Sameinuðu þjóðirnar eru bandalag friðelskandi þjóða, sem hafa heitið að halda uppi friðinum í heiminum og beita til þess vopnavaldi, ef með þarf. Meðlimir Sameinuðu þjóðanna hafa af frjálsum vilja lagt á sig þær kvaðir, að leggja af mörkum her og aðstöðu, ef þess verður af þeim krafist. Þannig er sá sáttmáli, sem Íslendingar undirrituðu af fúsum vilja og með einróma samþykki Alþingis 1946. Þessi sáttmáli er enn óbreyttur. Íslendingar eru enn meðlimir þessa félagsskapar. Hin eina breyting, sem á er orðin, er sú, að Sameinuðu þjóðirnar hafa valdið Íslendingum, sem öðrum vonbrigða, vegna þess, að þær hafa fram að þessu ekki megnað að beita hervaldi, þótt með hafi þurft í þágu friðarins.

Sáttmáli sá, sem hér á að gera, er einmitt sprottinn af þessum vonbrigðum. Hann er tilraun til þess að skapa þátttakendum hans þann frið sem Sameinuðu þjóðunum var ætlað að skapa öllum þjóðum heimsins.

Hann er í einu og öllu gerður innan ramma sáttmála Sameinuðu þjóðanna, sbr. 51. gr. þessa sáttmála. Fyrir okkur Íslendinga er sá einn munur á þessum samningi og sáttmála Sameinuðu þjóðanna, að við undirskrift þessa sáttmála fáum við miklu skýrari viðurkenningu á sérstöðu okkar sem vopnlausrar þjóðar en okkur tókst að fá, þegar við undirrituðum þær hernaðarlegu skuldbindingar, sem felast í sáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Þetta er sannleikur málsins. Um hlutfæysið er óþarft að ræða. Saga allra þjóða, líka okkar Íslendinga, sannar, að það hefur reynst einskis virði, þegar á hefur reynt, en úr því svo hefur verið, hvaða heilvita manni getur þá til hugar komið, að svo verði ekki einnig framveigis? Kom til átaka, sem við vonum og biðjum forsjónina um að forða okkur frá, þá veit sá, sem þann ægilega hildarleik hefur, að baráttan er barátta um líf eða dauða, líf eða dauða heilla þjóða og óskyldra hugsjóna. Í slíkum átökum man enginn eftir því að Íslendingar vilja vera hlutlausir, ef landsins er á annað borð þörf. Af öllu, sem víst er, er þetta vístast. Og svo hitt, að Íslands verður þörf og dregst því án alls efa inn í styrjöldina strax á fyrsta degi hennar. Allt þetta veit enginn betur er Brynjólfur Bjarnason, þótt hann segði annað.

Atlantshafssáttmálinn liggur nú fyrir, hefir legið fyrir umheiminum um nokkurt skeið, og þá líka fyrir okkur Íslendingum. Hann er sáttmáli um það, að frjálsar þjóðir efni til frjálsra samtaka til varðveizlu friðnum í veröldinni. Hann er hollustueiður frelsisunnandi þjóða til friðar, jafnréttis og sjálfsákvörðunarréttar. Hann er sáttmáli um það, að sérhver þjóð ákveði sjálf hvað hún telur sig bæra um að leggja af mörkum og hvenær. Hann er, hvað Íslendinga sérstaklega áhrærir, sáttmáli um það, að þar sem Íslendingar engan her hafi, skuli þeir engan her þurfa að stofna, og enga hermenn leggja af mörkum, þótt til styrjaldar komi. Hann er sáttmáli um það, að engin þjóð skuli nokkru sinni hafa her á Íslandi á friðartímum. Hann er sáttmáli um það, að aldrei skuli herstöðvar vera á Íslandi á friðartímum. Hann er sáttmáli um það að Íslendingar láni baráttunni fyrir frelsinu sömu afnot af landi sínu, ef til átaka kemurm sem þeir gerðu í síðustu styrjöld. Hann er sáttmáli um það, að reyni nokkur nokkru sinni að teygja hramm sinn yfir fald Fjallkonunnar, þá rísi 330 milljónir best menntu þjóða veraldar upp til varnar frelsi hennar og fullveldi.

Sáttmálinn er mesti og merkasti friðarsáttmáli, sem nokkru sinni hefur verið gerður í heiminum. Hann er sterkasta, já, ef til vill eina von mannkynsins um að komist verði hjá voða þriðju heimsstyrjaldarinnar.

Íslendingar eiga ekki að skerast úr leik, þegar þeir eru kvaddir til ráða, þar sem örlög mannkynsins eru ráðin. Þvert á móti ber Íslendingum að miklast af þáttöku sinni í svo gæfuríkum atburðum. Og Íslendingum ber öðru fremur að fagna þessum sáttmála, sem þeir

eru öðrum síður færir um að verja sig sjálfir. Og ef vonirnar skyldu breyta og einræðisöflin yrðu þess valdandi að til ófriðar komi, þá verður ekki aðeins barist um hugsjónir Normanna, Dana, Bretanna, Bandaríkjamanna, Belgíumanna, Luxembourgþúa, Frakka, nei, - skoðanafrelsi, málfrelsi, ritfresli, fundar-, frelsi, - allt er þetta helgustu hugsjónir Íslendinga. Ef Íslendingar vita einn ekki, hvers þeir meta frelsið, þá er það af því einu, að fram að þessu hafa þeir verið svo gæfusamir, að þurfa ekki að kenna á skopionum kúgunar og ofbeldis. Eitt ár, einn mánuður, einn dagur í því helvíti á jörðu, myndi nægja til þess að færa Íslendinga í skilninginn um að þeir elska frelsið meira en sjálft lífið. Þeir mundu því fúsir til sérhverrar þáttöku, hvers kyns sem væri, í baráttunni fyrir endurheimt frelssins, hins dýrmæta frelssins, ef þeir einu sinni hefðu misst það. En ef þetta er rétt, og það er rétt - Íslendingar -, hversu miklu ber okkur á ekki að taka þátt í þeim völdugu samtökum, sem nú er til stofnað í því skyni, að verja frelsið, okkar frelsi, jafnt sem annarra frelsi, þegar okkur er gerður þess kostur án herskyldu og hersetu, og án allra kvaða, annarra en þeirra, sem við sjálfir viljum á okkur leggja, og þegar við jafnframt vitum, að þáttaka okkar í þessum samtökum er öruggasta og jafnvel einasta ráðið til þess að tryggja það, að komi til átaka verði Ísland varið þannig að Íslendingar lifi, - en deyi ekki.

Við Íslendingar stöndum nú frammi fyrir augum alheimsins. Smáir og varnarlausir, en einlægir í trú okkar á lýðræði og fíðsi, eigum við nú að velja eða hafan, velja það að leggja okkar litla

hlut af mörkum til þess að freista þess að firra mannkyni ógn nýrrar styrjaldar, en tryggja eftir lítilli getu sigur frelsis og mannhelgis, ef til átaka kemur, - velja þetta eða hafna því.

Svarið getur aldrei orðið nema eitt, einfaldlega af því, að okkur skortir frambærileg rök fyrir því að synja því tilboði, sem okkur hefur verið gert, Við getum ekki, án þess að flekka manndóm okkar, þjóðarmetnað og virðingu játað lýðræði og frelsi hollustu, en sagt þó: Komi til einhverra átaka í veröldinni um þessar okkar helgustu hugsjónir, þá sitjum við hjá - erum algjörlega hlutlausir. Það er áhættuminnst fyrir okkur. En blessaðir berjist þið og Guð gefi ykkur góðan sigur.

Að slíkri þjóð verður hlegið, og það að vonum.

En Íslendingar verða ekki til athlægis. Svar okkar verður já, - eindregið já.

Á Alþingi (útvarpsumræður) 28. marz 1949.
(Mbl. 3000marz 1949).

6.

MERKASTI FRIDARSÁTTMÁLINN

MEÐ VARNARLEYSI OG VESALDÓMI HEFÐU
ÍSLENDINGAR FÆRT ÁRÁSTARHÆTTUNA YFIR
ALLA HINA VESTRÆNU MENNINGU.

Ég ætla þá að víkja nokkrum orðum að þáttöku Íslendinga í varnarbandalagi Norður-Atlantshafsríkjanna, sem stofnað var á árinu 1949.

Þáttaka Íslendinga í þessu bandalagi var eðlilegt áframhald af þeirri stefnu, sem Íslendingar höfðu markað sér í utanríkismálum frá ófriðarlokum. Þegar Íslendingar gerðust meðlimir í samkundu Sameinuðu þjóðanna, tóku þeir á sig vissar hernaðarslegar skuldbindingar í þágu friðar og frelsis, þ.á.m. um að heimila afnot af landinu, ef til ófriðar kæmi. Með Keflavíkursamningnum var teningnum að því leyti kastað, að lýðræðissinnar ákváðu að fara sínu fram um samstarf við vestrænar menningarþjóðir, enda þótt af því leiddi alger samvinnuslit við kommúnista, að óbreyttri aðstöðu í heimsstjórnarmálum. En stærsta og örlagaríkasta sporið á þessari braut var stigið með þáttöku Íslands í varnarbandalagi Norður-Atlantshafsríkjanna.

Varnarbandalag þetta var stofnað vegna þess að vonir manna um það, að Sameinuðu þjóðirnar reyndust færar að tryggja friðinn og frelsið í heiminum, voru teknar að dofna. Höfuðtilgangur þessa bandalags er að koma í veg fyrir ófrið. Því er ætlað að verða sverð og skjöldur til sjálfsvarnar vestrænni menningu. Vígi til varnar gegn árásum heimsyfirvaldastefnu kommúnista á frelsið, friðinn, jafnréttið, sjálfsákvörðunarréttinn, á alla dýmmætustu helgidóma einstaklinga og þjóða. Sáttmáli þessi er því merkasti friðarsáttmáli sem nokkru sinni hefur verið gerður. Hvað Íslendinga áhrófir er hann sáttmáli um það, að gegn því að Íslendingar láni land sitt til æskilegra afnota, að eigin dómi, í baráttunni fyrir frelsi og friði í heiminum, mun hálf fjórða hundruð milljón bezt menntuþjóða veraldarinnar reiðubúnar að fórna eignum og lífi Íslandi til varnar gegn árásahrammi einræðis og kúgunar.

Þáttaka Íslendinga í þessu varnarbandalagi er svo merk, að mikil freisting er að gera málinu fyllri skil. Ég sást þá freistingu eingöngu vegna þess hve málið liggur orðið ljóst fyrir í hugum almennings, og vegna þess, að ég veit, að allir lýðræðissinnar eru á einu máli um nauðsyn þáttöku Íslendinga. Og e.t.v. sýnir ekkert betur þessa nauðsyn, e.t.v. er engin sönnun jafn sterk fyrir því, hvers virði hugsanlegis árásaraðilar telja sér að geta vafið Ísland hlutleysishjúpnun og haldið landinu óvörðu og opnu til árása, - einnig í því skyni að ráðast frá okkar landi á önnur lönd, - en einmitt það, hversu hamstola Íslenzkir liðsmenn valdhafanna í Kreml urðu út af þáttöku Íslendinga í þessu bandalagi.

Hin æðisgengna árás óaldalýðs kommúnista á Alþingi hinn 30. marz 1949, mun lengi geymast í sögu Íslands, sem óræk sönnun fyrir því, hvert gildi varnarleysi Íslands hefur fyrir austrænan áráshug. Og jafnframt sem óhugnanleg og vansæmandi mynd af skilyrðislausri þjónkun ofstækisfullra íslenskra vesalinga með erlent einræðisvald.

Með þáttöku sinni í varnarbandalagi Atlantshafsríkjanna reyndust Íslendingar trúir þeirri frelsis-hugsjón, sem verið hefur aflgjafi þjóðarinnar frá upphafi Íslandsbyggðar. Þeir hafa fram til þessa verið sér til sóma á þessum vettvangi, en myndu, ef þeir hefðu hafnað þáttöku, hafa bakað sér fyrir-litningu allra þeirra þjóða, sem þeir eru skyldastir að sett, uppruna, andlegu atgervi, lífsskoðun og átrúnaði, og hefðu með varnarleysi sínu og vesaldómi eigi aðeins fært áráshættuna yfir Íslendinga og Ísland, heldur og yfir alla hina vestrænu menningu.

Úr landsfundarræðu, 31. október 1951.

7.

HVERGI ER ELDHETTAN MEIRI EN ÞAR, SEM
VARNIR ERU MINNSTAR.

Samningur sá, sem nú hefir verið gerður við Bandaríki Ameríku, um varnir Íslands, er bein afleiðing og áframhald af Norður-Atlantshafs-sáttmálanum. - Sankvæmt honum er ætlast til, að Íslendingar láti í té afnot landsins, ef til ófriðar kemur. Síðan hafa hörfur í heimsmálunum nær stöðugt farið versnandi, og vita allir Íslendingar, að sá eldur er lengi hefur logað í Kóreu, getur hvenær sem er breiðst út. Hvergi er eldhættan meiri heldur en þar, sem varnir eru minnstar, og stafar Íslendingum því meiri hættu af varnarleysi sínu, sem aðrar þjóðir efla meir og betur varnir sínar. Það var því skylda íslenskra stjórnarvalda að fljóta ekki sofandi að feigðarósi, heldur tryggja landinu nauðsynlegar varnir í því skyni að draga úr árásarhættunni.

Ríkisstjórnin gerði því, með einróma samþykki lýðræðisflokkanna varnarsamninginn við Bandaríkin. Var það fert í samráði við og eftir tillögu stjórnenda Atlantshafs-bandalagsins. Er gleðiefni að geta samið um varnir Íslands við eina þjóð, en ekki margar, og einmitt þá þjóðina, sem við höfum ágæta reynslu af

í þessum efnun. Við þekkjum orðið skipti við Bandaríkin. Skilningur þessa völdugasta lýðræðisríkis veraldarinnar á sjálfstæðisþrá minnstu þjóðar heimsins er óyggjandi trygging fyrir því að helgidómur okkar verður aldrei af þeim skertur.

Samningi þessum geta Íslendingar sagt upp, ef þeir óska. Fellur hann þá fyrirvaralítið úr gildi.

Ég var eindregið mjög hvetjandi þessa samnings, en tel þó að rétt sé að Íslendingar taki sjálfir beinan þátt í að verja hugsjónri sínar, frelsi sitt og ættjörð sína. Þarf vandlega að athuga með hverjum hætti því verði skynsamlega fyrirkomid.

Úr landsfundarræðu, 31. október 1951.

8.

HEIMSFRIÐURINN GETUR OLTÍÐ Á VÖRNUM ÍSLANDS.

Að þjóðfrelsi Íslendinga sækja nú m.a. tvær hættur. Önnur stafar af því að segja má, að gerbylting á sviði samgangan og hernaðartækni hafi flutt Ísland í hlaðvarpa jafnt austurs og vesturs. Ísland getur því hvenær, sem er, orðið fórn á altari alheimsátaka. Telja sumir, að þá þættina í örlogaþræði Íslendinga spinni aðrir og fari því bezt á, að vér leiðum hest vorn hjá þeim málum. Aðrir, og þeir eru miklu fleiri, telja hinsvegar, að þótt vér séum litlir, séum vér samt ekki þýðingarlitlir. Vér séum þvert á móti vegna legu landsins svo þýðingarmiklir, að hugsanlegt sé, að heimsfriðurinn velti á því að varnarleysi Íslands freisti ekki hugsanlegs árásaraðila til átaka, sem hann ella hefði ekki stofnað til. Og þeir telja víst, að komi til átaka, sé a.m.k. mjög sennilegt, að öflugar landvarnir á Íslandi auki líkur fyrir sigri mannhelgi og þjóðfrelsis og dragi jafnframt úr þeim hættum, sem Íslendingum stafi af skelfingum nýrrar heimstyrjaldar.

Það er þessi grundvallarskoðun lýðræðisflokka, sem réði því, að Íslendingar árið 1949 gerðust aðilar að varnarbandalagi hinna frelsisunnandi vestrænu þjóða, Atlantshafsbandalaginu. Og það var vegna þess, að horfur á, að heimsfriðurinn þéldist, versnuðu, að lýðræðisflokkarnir tveim árum síðar af raunsærrí dómgreind fólu Bandaríkjunum að verja landið á vegum Atlantshafsbandalagsins. Tóku menn þá vitandi vits á sig vandkvæðin, sem æfinlega leiða af dvöl erlends varnarliðs í landinu, til þess með þeim hætti að freista þess að bægja þjóðinni og jafnvel mannkyninu öllu ómælanlegum hörmungum nýrrar ger-eyðingarsturjaldar.

Oss Íslendinga greinir að vísu á um, með hverjum hætti vér helzt fáum varist yfirvofandi ógnum hernaðaráttaka. - En vér erum á einu máli um. að svo geti farið, að erlend bára flæði yfir Ísland og færi land og lýð í kaf. En slíkt hið sama má segja um flestar menningarþjóðir veraldarinnar. Það er að sjálfsögðu þjóðleg skylda vor að gera allar þær skynsamlegar varnarráðstafanir, sem vér höfum vit á og getu til, en hitt er engu síður áriðandi, að vér forðumst að láta óttann við það, sem vér litlu fáum um ráðið, skyggja á þau sannindi, að hver er sinnar hamingju smiður. Oss ber því vandlega að forðast að láta vitneskjuna um það, hversu litlu vér ráðum um margt, er mestu skiptir, lama þrótt vörn og baráttuhug, þar sem og þegar sigurhorfurnar velta á eigin afrekum.

Þetta boðorð verðum vér í heiðri að hafa, því að
ella vegum vér að þjóðfrelsinu innan frá.

Úr áramótaávarpi 31. desember 1953.

(Mbl. 3. janúar 1954).